

REGLUR

um breytingu (27) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

I. Breytingar á sameiginlegum reglum Háskólans.

1. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. breytist og verður svohljóðandi: Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws, Master of Social Work, Master of Library and Information Science, Master of Health Informatics, Magister juris, Magister theologiae og Master of Accounting, M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW/MLIS/MHI/Mag.jur./Mag.theol./M.Acc., 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið, eða reglum settum af háskólaráði um þverfaglegt nám á meistarastigi.

2. gr.

Við 6. mgr. ákvæða til bráðabirgða bætast tveir nýir málslíðir svohljóðandi: Þeir stúdentar, sem hófu B.A.-nám í lögfræði haustið 2005 og fyrr, en hafa ekki lokið prófi í ágripi af réttarsögu, verður heimilt að stunda nám og ljúka prófi í evrópurétti í stað fyrrgreindu námsgreinarinnar, enda skrái þeir sig í evrópurétt við árlega námskeiðaskráningu í byrjun apríl 2006. Próf verður haldið í ágripi af réttarsögu (námskeiðsnr. 03.01.22-), á haustmíssi 2006 og sumarið 2007 en ekki verður boðið upp á sérstaka kennslu í námsgreininni.

II. Breytingar á kafla guðfræðideildar.

3. gr.

Heiti 82. gr. breytist og verður: *Nám í guðfræðideild.*

Ákvæði 82. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Guðfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs í guðfræði.

Til B.A.-prófs í almennum trúarbragðafræðum.

Til meistaraprófs sem er annaðhvort embættispróf í guðfræði, óstarfstengt rannsóknarnám í guðfræði og almennum trúarbragðafræðum eða nám til kennsluréttinda, sbr. nánari ákvæði í 85. gr.

Til doktorsprófs í guðfræði á fræðasviðum þar sem deildin metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Deildin setur sér nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

Auk þess er deildinni heimilt að bjóða upp á djáknanám, sbr. 84. gr.

4. gr.

Heiti 83. gr. breytist og verður: *Fræðasvið.*

Ákvæði 83. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Fræðasvið í guðfræðideild eru þessi: Gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, trúfræði, guðfræðileg siðfræði, kirkjusaga, almenn trúarbragðafræði og kennimannleg guðfræði.

Guðfræðideild tekur ákvarðanir um skiptingu fræðasviða í námskeið og um vægi þeirra. Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum þótt þau falli ekki undir þau fræðasvið sem hér eru talin. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku í tilteknum námskeiðum.

Deildin setur sér reglur um samstarfshópa kennara til þess að velja viðfangsefni og skipuleggja námsvinnu í hinum ýmsu greinum.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

5. gr.

Ákvæði 84. gr. (um B.A.-nám og djáknanám) breytast og verða svohljóðandi:

Á fyrsta námsári skulu allir stúdentar ljúka sameiginlegum kjarna sem er inngangur að öllum fræðasviðum guðfræðinnar. Að loknu námi í kjarna geta stúdentar valið á milli náms til B.A.-prófs í guðfræði, náms til B.A.-prófs í almennum trúarbragðafræðum og til B.A.-prófs djákna.

1. Nám til B.A.-prófs í guðfræði fer eftir námskrá sem deildin setur.
2. Nám til B.A.-prófs í almennum trúarbragðafræðum fer fram í samvinnu við aðrar deildir í Háskóla Íslands og lýtur stjórn sérstakrar námsstjórnar.
3. Nám til djáknaprófs fer eftir námskrá sem deildin setur.

Sá sem lokið hefur háskólaprófi á sviðum uppeldis- og kennslufræða, hjúkrunarfræði, sálarfræði eða félagsráðgjafar getur innritast í djáknanám til 30 eininga. Um fyrirkomulag þess fer eftir námskrá sem deildin setur. Guðfræðideild veitir sérstakt prófskírteini að þessu námi loknu. Heimilt er að hafa samvinnu við aðrar deildir Háskóla Íslands, aðra háskóla og íslensku þjóðkirkjuna um einstaka þætti djáknanáms, hvort sem er til 30 eininga eða 90 eininga.

Hafi stúdent lokið minnst 60 námseiningum í guðfræði af þeim 90 einingum, sem krafist er til B.A.-prófs og jafnframt 30 einingum til viðbótar í annarri grein með samþykki deildarinnar, má brautskrá hann úr guðfræðideild.

Stúdent skal ljúka B.A.-prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í guðfræðideild samfleytt í sex ár.

6. gr.

Heiti 85. gr. breytist og verður: *Framhaldsnám í guðfræði.*

Ákvæði 85. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Að loknu B.A.-prófi í guðfræði eða almennum trúarbragðafræðum getur stúdent valið nám til embættisprófs í guðfræði, nám til M.A.-prófs í guðfræði og almennum trúarbragðafræðum og nám til kennsluréttinda.

Nám til embættisprófs í guðfræði er 60 eininga framhaldsnám og skiptist í 45 eininga nám á fræðasviðum guðfræðinnar og 15 eininga lokaverkefni (kjörsvið) á einu fræðasviði. Guðfræðideild setur nánari reglur um skiptingu námsins milli kjarna, frjáls náms og kjörsviðs. Sá sem lýkur embættisprófi í guðfræði ber lærdómstítilinn *magister theologiae* (mag.theol.).

Nám til M.A.-prófs í guðfræði og almennum trúarbragðafræðum skiptist í a.m.k. 30 eininga framhaldsnám á fræðasviðum guðfræðinnar eða innan annarra deilda Háskólans og allt að 30 eininga rannsóknarverkefni. Sá sem lýkur rannsóknatengdu meistaraþrófi frá guðfræðideild ber lærdómstítilinn *magister artium* (M.A.) í guðfræði.

Nám til kennsluréttinda fer fram samkvæmt reglum sem guðfræðideild setur og háskólaráð staðfestir. Sá sem lýkur námi til kennsluréttinda frá guðfræðideild ber lærdómstítilinn *magister paedagogiae* (M.paed.).

Sá sem lokið hefur doktorsprófi í guðfræði ber lærdómstitilinn *doctor theologiae* (dr.theol.).

7. gr.

Heiti 86. gr. breytist og verður: *Verklegt nám, námsmat og lágmarkseinkunnir.*

Ákvæði 86. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Guðfræðideild er heimilt að áskilja að stúdentar á námsleiðum til embættisprófs og djáknaprófs stundi verklegt nám á stofnunum þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga eftir því sem við á, sem og á heilbrigðisstofnunum. Um verklegt nám í guðfræðideild gilda nánari reglur sem deildin setur.

Próf eru skrifleg. Heimilt er deildinni að ákveða að ritgerðir og frammistaða í æfingum séu metnar sem hluti af prófi og áskilin sé lágmarkseinkunn í hverjum hluta. Þá getur deildin ákveðið að ritgerðir eða önnur námsvinna geti komið í stað prófa í ákveðnum námskeiðum. Lokafrestur til að skila slíkum ritgerðum er síðasta kennsluvika misseris nema annað sé tekið fram í námsáætlun.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til Nemendaskrár skólans og fylgir hann útskriftarskírteini. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, viðunandi og óviðunandi. Sá sem fær einkunnina óviðunandi telst ekki hafa lokið verklega náminu. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaeinkunnar.

Um lokaritgerð / verkefni fer eftir reglum sem guðfræðideild setur.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum.

III. Breytingar á kafla læknadeildar.

8. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og lífvísindum“ í 2. mgr. 87. gr kemur: heilbrigðisvísindum, líf- og læknávisindum.

IV. Breytingar á kafla lagadeildar.

9. gr.

Þriðja málsgrein 91. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Námsgreinar til B.A.-prófs í lögfræði eru: Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, inngangur að lögfræði, Evrópuréttur, heimspekileg forspjallsvísindi, stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, eignaréttur, stjórnsvísindaréttur I, stjórnsvísindaréttur II, refsiréttur I, refsiréttur II, réttarfar I, réttarfar II, kröfuréttur I og kröfuréttur II. Stúdent skal þar að auki standa skil á ritgerð eða ljúka öðru sambærilegu verkefni. Lagadeild tekur ákvarðanir um vægi námsgreina þessara og ritgerðar (eða annars verkefnis) til B.A.-prófs og niðurröðun þeirra á misseri, sbr. þó 92. gr.

10. gr.

Fyrsta málsgrein 92. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Á fyrsta misseri B.A.-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, inngangi að lögfræði og Evrópurétti. Á vормisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum

forspjallsvísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í B.A.-námi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu og inngangi að lögfræði.

V. Breytingar á kafla hugvísindadeildar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. sem fjallar um kennslugreinar og skorir í hugvísindadeild:

1. Við upptalningu kennslugreina til M.Paed.-prófs bætist: Sagnfræði.
2. Við upptalningu kennslugreina til M.A.-prófs bætast: franska, hagnýt menningar- miðlun, hagnýt ritstjórn og útgáfa, heilbrigðis- og lífsiðfræði, spænska, umhverfis- og náttúrusiðfræði, viðskiptasiðfræði og þýska.
3. Heitið „sagnfræðiskor“ í upptalningu skora í upphafsmálslið 5. mgr. breytist og verður: sagnfræði- og fornleifafræðiskor.

12. gr.

Aftan við 103. gr., með áorðnum breytingum, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Til þess að hefja nám í táknmálsstúlkun að loknu námi í táknmálsfræði þarf nemandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hafa lokið 60 einingum í táknmálsfræði, þar á meðal fjórum færninámskeiðum en þeim námskeiðum skal nemandi hafa lokið með fyrstu einkunn að meðaltali.
- b) Hafa staðist inntökupróf sem fram fer að vori, skv. nánari reglum sem deildin setur og birtir í kennsluskrá.

Nýr hópur nemenda er tekinn inn í námið á þriggja ára fresti og er miðað við að ekki færri en átta nemendur verði þá teknir inn í námið á grundvelli ofangreindra skilyrða. Um takmörkun á hámarksfjölda nemenda fer eftir ákvörðun háskólaráðs hverju sinni.

VI. Breytingar á kafla félagsvísindadeildar.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 114. gr.:

1. Tólfta málsgrein 114. gr. sbr. 1. gr. reglna nr. 182/2001, fellur niður.
2. Ennfremur bætast við 114. gr., sbr. 7. gr. reglna nr. 362/2004 og 6. gr. reglna nr. 532/2005, tvær nýjar málsgreinar sem verða 21. – 22. mgr., svohljóðandi:

Diplómanám í félagsfræði er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í félagsfræði.

Diplómanám í félagsráðgjöf er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í félagsráðgjöf.

VII. Breytingar á kafla hjúkrunarfræðideildar.

14. gr.

Aftan við d-lið 126. gr. bætist stafliður (e-liður) svohljóðandi:

Til doktorsprófs í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Doktorsnám í hjúkrunarfræðideild er 90 eininga rannsóknatengt nám að loknu meistaraþrófi og þar skulu námskeið vera a.m.k. 30 einingar. Deildin setur nánari reglur um nám til doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

15. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og að fengnum tillögum háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. mars 2006.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.